



# Ársskýrsla Fjölbrautaskóla Vesturlands 2016

## 1. Stærð skóla: Húsnæði, fjöldi starfsmanna og nemenda, brautskráðir nemendur

Húsnæðið sem skólinn starfar í er rúmlega 7.330 fermetrar auk rúmlega 1.250 fermetra heimavistar. (Sjá nánar um húsnæði skólans í rammanum hér að neðan til hægri.)

Kennarar voru 46 talsins á haustönn 2016. Þessir kennarar voru í samtals 40,5 stöðugildi. Af kennurunum voru 11 í hlutastarfi. Í fullu starfi voru 32, þar af voru þrír í námsorlofi.

Taflan sýnir skiptingu hópsins eftir aldri og kyni.

Aldur í árum	Í fullu starfi		Í hlutastarfi	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
20 - 30	1	0	0	0
30 - 39	2	3	3	2
40 - 49	1	5	0	1
50 - 59	9	9	0	1
60 - 69	5	4	3	0

Allir kennarar nema einn í fullu starfi voru með kennsluréttindi og menntun í kennslugreinum. Taflan sýnir yfirlit yfir formlega menntun þeirra.

Menntun	Í fullu starfi		Í hlutastarfi	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
MA/MS/PhD+UK	8	12	1	2
BA/BS+UK	4	8	4	3
Iðnmeistari+UK	5	0	1	0
Sveinspróf	1			

**Starfsmenn aðrir en kennarar** voru 17. Af þessum 17 starfsmönnum voru 8 í fullu starfi og 4 til viðbótar í meira en hálfu starfi.

Áætlaðir **ársnemendur** samkvæmt fjárlögum fyrir 2016 voru 493. Á árinu 2016 skilaði skólinn 476 ársnemendum.

**Brautskráningaráhöfn á vorönn 2016** var 28. maí. Þá voru 37 nemendur brautskráðir frá skól-  
anum. Þar af höfðu 14 lokið stúdentsprófi, 13 lokið burtfararprófi af iðnbraut, 3 lokið

### Húsnæði Fjölbrautaskóla Vesturlands

#### Aðalbygging skólans við Vogabraut 5

Kennslustofur	2.189,43 m <sup>2</sup>
Trésmíðaverkstæði	440,20 m <sup>2</sup>
Skrifstofur, kennarastofa	635,99 m <sup>2</sup>
Salur	449,70 m <sup>2</sup>
Mötuneyti	106,45 m <sup>2</sup>
Bókasafn	237,73 m <sup>2</sup>
Tölvuver hjá bókasafni	84,60 m <sup>2</sup>
Þakrými, loftræstirými	660,63 m <sup>2</sup>
Önnur svæði	1.532,47 m <sup>2</sup>
<b>Samtals</b>	<b>6.337,20 m<sup>2</sup></b>

#### Málmiðnahús við Vogabraut 5

Kennslustofur	315,20 m <sup>2</sup>
Málmsmíða- og vélaverkstæði	487,54 m <sup>2</sup>
Önnur svæði	189,24 m <sup>2</sup>
<b>Samtals</b>	<b>991,98 m<sup>2</sup></b>

#### Heimavistarhús við Vogabraut 4

Íbúð vistarstjóra	74,85 m <sup>2</sup>
Herbergi nemenda	828,80 m <sup>2</sup>
Þakrými, loftræstirými	122,55 m <sup>2</sup>
Önnur svæði	227,90 m <sup>2</sup>
<b>Samtals</b>	<b>1.254,10 m<sup>2</sup></b>

**Heildarstærð alls húsnæðis er 8.583,28 m<sup>2</sup>**



FJÖLBRAUTASKÓLI  
VESTURLANDS

burtfararprófi af starfsbraut, 1 lokið burtfararprófi af sjúkraliðabraut og 6 bæði lokið stúdentsprófi og burtfararprófi af iðnbraut.

*Brautskráningaráthöfn á haustönn 2016 var 21. desember. Þá voru brautskráðir 51 nemendur. Þar af höfðu 38 lokið stúdentsprófi, 10 lokið burtfararprófi af iðnbraut og 3 lokið bæði stúdentsprófi og burtfararprófi af iðnbraut.*

Á árinu 2016 voru alls 88 nemendur brautskráðir frá skólanum.

Um miðjan október 2016 voru 551 nemendur í skólanum, nokkuð fleiri en voru í skólanum haustönn 2015. Þeir skiptust á brautir sem hér segir:

Almenn braut - undirbúningsnám	AU	1 = 0%
<u>Brautabré</u>	<u>BB</u>	<u>27 = 5%</u>
<b>Almennt nám alls</b>		<b>28 = 5%</b>
Félagsfræðabraut	FÉ	46 = 8%
Félagsfræðabraut (3. ára braut)	FÉL	64 = 12%
Málabraut	MB	8 = 2%
Náttúrufræðibraut	NÁ	32 = 6%
Náttúrufræðibraut (3. ára braut)	NÁT	78 = 14%
Opin stúdentsbraut (3. ára braut)	OS	54 = 10%
<u>Viðbótarnám til stúdentsprófs</u>	<u>VSS</u>	<u>9 = 1%</u>
<b>Stúdentsnám alls</b>		<b>291 = 52%</b>
Grunnnám rafiðna	GR	29 = 5%
Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina	GBM	16 = 3%
Námsbraut í rafvirkjun	RK8	17 = 3%
Námsbraut í rafvirkjun	RK9	2 = 0%
Námsbraut í húsasmíði	HÚ8	17 = 3%
Grunnnám málmiðna	MG	52 = 10%
<u>Námsbraut vélavirkjun</u>	<u>VS8</u>	<u>10 = 2%</u>
<b>Iðnnám alls</b>		<b>143 = 25%</b>
<u>Starfsbraut</u>	<u>ST4</u>	<u>22 = 4%</u>
<b>Starfsbraut alls</b>		<b>22 = 4%</b>
Sjúkraliðabraut	SJ	34 = 6%
Meistaraskóli	MAH	28 = 5%
<u>Ótilgreint nám</u>	<u>ÓTN</u>	<u>5 = 1%</u>
<b>Aðrar brautir alls</b>		<b>67 = 12%</b>

Í hópi nemenda á haustönn 2016 voru karlar/piltar 314 en konur/stúlkur 237. Um 80% nemenda voru frá Akranesi og úr Hvalfjarðarsveit og um 20% annars staðar að. Töflurnar sýna hvernig nemendur skiptust eftir búsetu og aldri bæði á vorönn og haustönn 2016.



FJÖLBRAUTASKÓLI  
VESTURLANDS

Lögheimili	Vorönn 2016	Haustönn 2016
Akranes	74%	74%
Hvalfjarðarsveit	6%	6%
Borgarbyggð	6%	8%
Aðrir staðir á Vesturlandi	5%	3%
Utan Vesturlands	9%	5%

Fæðingarár	Vorönn 2016	Haustönn 2016
2000		18%
1999	21%	20%
1998	19%	15%
1997	17%	14%
1996	9%	6%
Fyrir 1996	34%	27%

## 2. Námsframboð á árinu 2016

Á vorönn 2016 var námsframboð eftirfarandi:

*Almennt nám:* Bautabré (BB)

*Nám til stúdentsprófs:* Félagsfræðabraut (FÉ og FÉL ný braut), Málabraut (MB), Náttúrufræðibraut (NÁ og NÁT ný braut), Opin stúdentsbraut (OS ný braut), Viðbótarnám til stúdentsprófs (VSS).

*Iðnnám:* Grunnám rafiðna (GR), Námsbraut í rafvirkjun (RK8), Námsbraut í rafvirkjun (RK9), Grunnám bygginga- og mannvirkjagreina (GBM), Námsbraut í húsasmíði (HÚ8), Námsbraut í húsgagnasíði (HS8), Grunnám málmiðna (MG), Námsbraut í vélvirkjun (VS8).

*Starfstengt nám annað en iðnnám:* Sjúkraliðabraut (SJ).

*Nám fyrir fatlaða:* Starfsbraut (ST4).

*Nám fyrir þá sem ekki ætla að ljúka námsbraut við skólann:* Ótilgreint nám (ÓTN).

*Nám fyrir iðnmeistara, almennar greinar (MHA).*

Á haustönn 2016 var námsframboð eftirfarandi:

*Almennt nám:* Brautabré (BB)

*Nám til stúdentsprófs:* Félagsfræðabraut (FÉL), Náttúrufræðabraut (NÁT), Opin stúdentsbraut (OS), Viðbótarnám til stúdentsprófs (VSS)

*Iðnnám:* Grunnám rafiðna (GR), Námsbraut í rafvirkjun (RK8), Grunndeild bíliðngreina (GM), Grunnám bygginga- og mannvirkjagreina (GBM), Námsbraut í húsasmíði (HÚ8), Námsbraut í húsgagnasmíði (HS8), Grunnám málmiðna (MG), Námsbraut í vélvirkjun (VS8).

*Starfstengt nám annað en iðnnám:* Sjúkraliðabraut (SJ).

*Nám fyrir fatlaða:* Starfsbraut (ST4).

*Nám fyrir þá sem ekki ætla að ljúka námsbraut við skólann:* Ótilgreint nám (ÓTN).

*Nám fyrir iðnmeistara, almennar greinar (MHA).*



FJÖLBRAUTASKÓLI  
VESTURLANDS

Í kafla eitt kemur fram hvernig nemendur skiptust á námsbrautir. Námsframboð á árinu 2016 var miðað við ungt fólk sem mætir í skóla á dagvinnutíma nema á sjúkraliðabraut þar sem kennsla var sniðin að þörfum fullorðinna sem stunduðu nám með vinnu. Á málmiðnabrautum (MG og VS8) og í húsasmíði (GBM og HÚ8) var bæði boðið upp á kennslu á dagvinnutíma og utan hans fyrir fullorðna nemendur sem stunda nám með vinnu, nemendur í meistaranámi stunda nám fyrir utan dagvinnu.



FJÖLBRAUTASKÓLI  
VESTURLANDS

### 3. Framkvæmd markmiða

Á árinu 2016 var unnið eftir skólasamningi sem skólameistari Fjölbrautaskóla Vesturlands og mennta- og menningarmálaráðherra undirrituðu í apríl 2015. Í þeim skólasamningi voru sett markmið fyrir árin 2015 til 2019. Hér á eftir eru þessi markmið talin upp (skáletruð) og gerð grein fyrir að hve miklu leyti þau hafa náðst miðað við árslok 2016.

#### 1. Efla enn frekar tengsl við fyrirtæki og sveitarstjórnir á svæði skólans og stofnanir sem sveitarfélög reka.

- a) *Treysta, í samvinnu við sveitarstjórnir, samráðsvettvang við iðnfyrirtæki á svæðinu. Kynna starfsgreinar og einstök fyrirtæki árið 2015. Einstakar starfsgreinar og fyrirtæki verða með aðstöðu til kynningar, taka á móti nemum og kynna þeim kosti og möguleika við að starfa í viðkomandi starfsgrein eða fyrirtæki.* Undirbúningur fyrir Tæknimessu, í samstarfi við Samtök iðnaðarins, Símenntunarmiðstöð Vesturlands og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, hófst á haustönn 2015 og Tæknimessan var haldin á vorönn 2016.
- b) *Áframhaldandi þátttaka í viðbótar- og endurmenntun starfsmanna í fyrirtækjum og stofnunum á svæði skólans. Slíkt framboð menntunar verði ákveðið í upphafi hverrar annar. Skólinn er þátttakandi í starfsemi Stóriðjuskóla Norðurlágs og hefur verið frá 2012. Námsframboð og kennslufyrirkomulag er ljóst við upphaf hverrar annar. Umræður eru hafnar um stóriðjuskóla fyrir fleiri fyrirtæki á Grundartangarsvæðinu.*
- c) *Vinna að því að tengja kennslu á skólaárinu 2015-2016 við starf Fab-Lab. Verið er að vinna að hugmyndum að breyttri aðkomu skólans að Fab-Lab í samstarfi við Akraneskaupstað, Norðurál og Nýsköpunarmiðstöð Íslands.*
- d) *Þjóða upp á valáfanga haust 2015 þar sem áherslan verður á sköpun nemenda tengdri vinnu í Fab-Lab smiðjunni. Á haustönn 2015 var kenndur sérstakur áfangi í tengslum við Fab-Lab.*
- e) *Hafa samstarf við Íþróttabandalag Akraness og Akraneskaupstað varðandi afrekssvið íþróttanna við skólann og Tónlistarskóla Akraness varðandi listasvið á bóknámsbraut. Á haustönn 2015 hófu rúmlega 50 nemendur nám á afrekssviði FVA. Á haustönn 2016 voru 52 nemendur á afrekssviðinu. Skólinn er í öflugum samstarfi við Íþróttabandalag Akraness og Akraneskaupstað varðandi nám og rekstur sviðsins. Á haustönn 2015 var í boði Opin stúdentsbraut þar sem hægt var að velja listnáms svið með áherslu á tónlist í samstarfi við Tónlistarskóla Akraness. Þar geta nemendur lokið stúdentsprófi og framhaldsprófi í tónlist samhliða.*

#### 2. Þróa skólanámskrá í samræmi við aðalnámskrá frá 2011.

- a) *Útfæra stefnu og markmið sem falla undir grunnþætti menntunar. Unnið verður markvisst að því að flétta einn grunnþátt á hverri önn inn í allt skólastarf. Á árinu 2016 voru grunnildir fyrir stúdentsbrautir settar inn í námskrárgrunn og brautirnar samþykktar af ráðuneytinu. Undirbúningur samskonar vinnu er í gangi fyrir aðrar brautir, samfara endurskoðun á skólanámskrá.*



FJÖLBRAUTASKÓLI  
VESTURLANDS

- b) *Fullvinna nýjar bóknámsbrautir í samræmi við aðalnámskrá frá 2011 fyrir árslok 2015. Á árinu 2015 voru nýjar bóknámsbrautir unnar og voru samþykktar af Menntamálastofnun í ársbyrjun 2016. Aðrar brautir eins og framhaldsskólabraut og iðn- og starfsbrautir verða komnar inn til Menntamálastofnunar fyrir 1. nóvember 2017.*
- c) *Vinna að því að móta mælikvarða til að meta framkvæmd á stefnu og markmiðum skólans í skólanámskrá. Stefnt er að því að þeirri vinnu verði lokið á haustönn 2016. Sett hefur verið á fót gæðaráð innan skólans sem vinnur nú að verklagsreglum, starfslýsingum, vinnulýsingum og fleiru í gæðahandbók skólans.*

### **3. Tengja sjálfsmatskerfi skólans við markmið sem falla undir grunnþætti menntunar og önnur markmið og mælikvarða sem getið er um í skólanámskrá. Þessari vinnu verður lokið á vorönn 2016.**

Unnið er að endurskoðun á öllu innra mati skólans þar með talið nemendakönnunum sem hafa skírskotun í grunnþætti menntunar og fjölbreyttara mat.

### **4. Auka kynningarstarf á starfsemi skólans til muna.**

*Sækja grunnskóla á Vesturlandi heim, með áherslu á kynningu á iðn- og verknám.*

*Vinna að hugmyndum um hvernig betur má ná til foreldra/forráðamanna varðandi námsval nemenda og hvernig betur má ná til fullorðinna einstaklinga í iðn- og starfsnámi varðandi nám með vinnu, eftir því sem reglugerð um innritun leyfir.*

Farið var með kynningar á skólanum, með áherslu á iðn- og verknám, í alla grunnskóla á Vesturlandi auk skóla á Kjalarnesi, Mosfellsbæ, Grafarvogi og nágrenni. Einnig fóru fulltrúar skólans á foreldrakynningu og fulltrúar verknámsdeilda fóru í kynningar í fyrirtækjum. Skólinn var með opið hús fyrir nemendur og forráðamenn í mars. Auglýsingar um námsframboð voru birtar í blöðum sem dreift er á Vesturlandi. Á vorönn 2016 var haldin Tæknimessa í skólanum í samvinnu við Símenntunarmiðstöð Vesturlands og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. Á Tæknimessunni var nám og störf í iðnaði kynnt fyrir nemendum í 8., 9. og 10. bekk auk nemenda í FVA.

### **5. Stuðla að jafnara kynjahlutfalli nemenda skólans með því að bjóða fjölbreyttara námsframboð.**

*Kanna áhuga nemenda í samvinnu við grunnskóla á svæðinu. Unnið var að gerð könnunar sem leggja á fyrir grunnskólanemendur á Akranesi á haustönn 2016. Hugað var að fjölbreyttara námsframboði við gerð nýrra bóknámsbrauta m.a. með opinni stúdentsbraut sem gefur möguleika á enn fjölbreyttara námi í framtíðinni.*



FJÖLBRAUTASKÓLI  
VESTURLANDS

#### 4. Umbótaþættir eftir sjálfsmat

Mat á starfi skólans var unnið á árinu samkvæmt áætlun og voru eftirtaldir þættir skólastarfsins teknir til skoðunar:

- Kennsla hjá þriðjungi kennarahópsins
- Námsárangur, skólasókn og nemendafjöldi
- Nýting á kennslu og brottfall
- Viðhorf útskriftarnema til skólagöngunnar
- Skólapúlsinn

Störf fjórtán kennara voru metin á árinu 2016 og fóru viðkomandi kennarar í viðtal við skólameistara. Í þeim viðtölum voru viðbrögð á starfi einstakra kennara rædd við þá persónulega en ekki birt opinberlega.

Námsframboð og skipulag kennslu á hverri önn tekur mið af niðurstöðum mats á námsárangri, nemendafjölda, nýtingu á kennslu og brottfalli.

Lögð var fyrir útskriftarnema viðhorfskönnun eins og undanfarnar annir. Niðurstöður sýna ánægju útskriftanema með skólabraginn hér í FVA. Þeir hefðu getað verið virkari í félagslífi NFFA.

Skólapúlsinn. Líðan nemenda í skólanum var mæld með Skólapúlsinum sem er veflægt sjálfsmatskerfi fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Samkvæmt þessari könnun er líðan nemenda FVA svipuð og aðeins betri en annarra framhaldsskólanemenda sem tóku þátt í þessari könnun. Helstu niðurstöður má sjá á heimasíðu skólans [http://fva.is/images/innramat/skolapulsinn\\_2016.pdf](http://fva.is/images/innramat/skolapulsinn_2016.pdf).

Heildarskýrslu um innra mat á starfi skólans var síðast skilað til mennta- og menningarmálaráðuneytisins í október 2016. Skýrslan liggur frammi á vefnum [http://www.fva.is/images/innramat/sjalfsmatsskyrsla\\_fva\\_2015H.pdf](http://www.fva.is/images/innramat/sjalfsmatsskyrsla_fva_2015H.pdf)

Skýrsla fyrir 2016 er í lokavinnslu og verður komin á vef skólans fyrir annarlok.



FJÖLBRAUTASKÓLI  
VESTURLANDS

## 5. Úttektir

Ekki voru unnar neinar formlegar úttektir á starfi skólans á árinu 2016.

## 6. Afkoma, rekstrarstaða

Rekstur skólans gekk mjög vel á árinu 2016. Hagnaður skólans nam 30,8 millj. kr. samanborið við 26,1 millj. kr. hagnað árinu áður. Greiðslustaða við Ríkissjóð batnaði á árinu og fór frá því að vera skuld upp á 19,2 millj. kr. fyrir árið 2015 yfir í að vera jákvæð (inneign) upp á 9,3 millj. kr. við ársuppgjör 2016.

Sértekjur skólans á árinu námu 48,9 millj. kr. á árinu 2016 samanborið við 36,9 millj. á árinu 2015. Framlag úr Ríkissjóði til skólans nam 639,9 millj. kr. árið 2016 samanborið við 603 millj. kr. á árinu 2015. Heildargjöld skólans á árinu 2016 námu 663,9 millj. kr. en á árinu 2015 voru heildargjöldin 620,4 millj. kr.

Í árslok 2016 námu eignir skólans 58,6 millj. kr. og skuldir 22,9 millj.kr.

Rekstraráætlun fyrir árið gerði ráð fyrir 36,5 millj. kr. hagnaði á rekstri skólans, en rauntölur urðu 30,8 millj. kr. í hagnað.

Nánari greinargerð fyrir afkomu skólans á árinu er í fylgiskjali 1.

## 7. Brottfall og námsárangur

Brottfall á vorönn 2016 var 2,7% eininga sem svipað og vorið 2015. Ekki er hægt að taka meðaltal eininga þar sem nemendur á vorönn 2016 voru með blandaða ferla bæði samkvæmt nýrri og eldri námskrá og því bæði með gamlar og nýjar einingar. Meðaleinkunn í skólanum var 6,8 og fallprósenta 18,5%.

Brottfall á haustönn 2016 var 2,5% eininga sem er betra en á haustönn 2015 þegar það var 4,0%. Ekki er hægt að taka meðaltal eininga þar sem nemendur á haustönn 2016 voru með blandaða ferla bæði samkvæmt nýrri og eldri námskrá og því bæði með gamlar og nýjar einingar. Meðaleinkunn í skólanum var 6,7 og fallprósenta 15%.






## 8. Stjórnun

Að yfirstjórn skólans koma, auk skólameistara, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri og fjármálastjóri. Einnig gegna átta kennarar stöðum deildarstjóra og hafa umsjón með faglegu samráði í grein eða greinaflokki.

Skipurit Fjölbrautaskóla Vesturlands



Skólanefnd Fjölbrautaskóla Vesturlands hélt fundi fjórum sinnum á árinu 2016. Fundargerðir skólanefndar liggja frammi á vef skólans á síðunni

<http://www.fva.is/index.php/skolanefnd>

Þann 30. apríl 2013 var skipuð ný skólanefnd til fjögurra ára sem hér segir:

- Aðalmenn án tilnefningar eru: Dagbjört Guðmundsdóttir, Reynir Þór Eyvindsson og Thelma Hrud Sigurbjörnsdóttir.
- Aðalmenn tilnefndir af fulltrúaráði Fjölbrautaskóla Vesturlands fyrir hönd sveitarfélaga eru: Helena Guttormsdóttir og Hjördís Hjartardóttir.
- Varamenn án tilnefningar eru: Hjördís Garðarsdóttir, Sigríður Víðis Jónsdóttir og Viktor Elvar Viktorsson.
- Varamenn tilnefndir af fulltrúaráði Fjölbrautaskóla Vesturlands fyrir hönd sveitarfélaga eru: Anna María Þórðardóttir og Þórdís Þórisdóttir.

## 9. Samvinna við aðrar stofnanir

Á haustönn 2013 gerðist skólinn aðili að Fjarmentaskólanum sem er samstarfsvettvangur þrettán framhaldsskóla utan Reykjavíkursvæðisins.

Skólinn hefur samstarf og samráð við Fjölbrautaskóla Suðurlands og Fjölbrautaskóla Suðurnesja meðal annars við gerð skólanámskrár.

Skólinn er aðili að Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi og á fulltrúa í stjórn hennar. Hann hefur samráð og samstarf við Símenntunarmiðstöðina um ýmislegt sem lýtur að fullorðinsfræðslu. Stærstu samvinnuverkefni á síðasta ári voru við Stóriðjuskóla Norðuráls.

Skólinn hefur ýmislegt samstarf og samráð við grunnskóla á Akranesi og í Hvalfjarðasveit og býður upp á kennslu í verklegum greinum fyrir nemendur í efstu bekkjum grunnskóla.



FJÖLBRAUTASKÓLI  
VESTURLANDS

Engin Erasmus samstarfsverkefni voru árið 2015-2016 en kennarar í málmiðnaði voru styrktir til að sækja námskeið í Þýskalandi í stýrikerfum, CAD og fleiru.

Eitt erlent samstarfsverkefni er þennan vetur, skólinn fékk EEA styrk fyrir umhverfis- og sjálfbærni-verkefni með skóla í Slóvakíu. Verkefnið var einnig styrkt af slóvakíska ríkinu.

## 10. Sérstakar áherslur og markmið skólans

Skólinn leggur áherslu á að koma til móts við þarfir allra íbúa svæðisins fyrir menntun á framhaldsskólastigi með því að bjóða fjölbreytt nám á mörgum brautum, sem hæfir nemendum með misjafna getu, margvísleg áhugamál og ólíkar þarfir.

Í drögum að almennum hluta skólanámskrár sem kom út í júní 2016 eru skólanum sett þrjú meginmarkmið sem síðan eru útfærð nánar m.a. með vísun í sex grunnþætti menntunar samkvæmt aðalnámskrá frá 2011. Þessi þrjú meginmarkmið eru að:

- *Veita öllum nemendum góða menntun sem felur í sér þekkingu, leikni og hæfni í einstökum greinum, víðsýni og gagnrýna hugsun, ábyrgð og sanngirni, vandvirkni og góð vinnubrögð.*
- *Vera umhyggjusamur um velferð nemenda og stuðla að heilbrigðum lífsháttum.*
- *Bera virðingu fyrir hverjum einstaklingi og koma fram við alla í anda jafnréttis og lýðræðis.*

## Fylgiskjöl

1. Rekstraryfirlit fyrir árið 2016.
2. Annáll vorannar 2016.
3. Annáll haustannar 2016.
4. Prófill haustannar 2016.

Akranesi 2016

Ágústa Elín Ingbórsdóttir  
skólameistari

Dröfn Viðarsdóttir  
aðstoðarskólameistari



FJÖLBRAUTASKÓLI  
VESTURLANDS

## Fylgiskjal 1 með ársskýrslu Fjölbrautaskóla Vesturlands 2016: Rekstraryfirlit fyrir árið 2016

	2016	2015	2014
Dagvinna	339,501,314	313,481,392	260,872,893
Vaktaálag	2,126,145	2,062,020	2,093,473
Aukagreiðslur	2,785,431	4,475,017	5,418,656
Yfirvinna	66,750,227	81,148,061	73,009,203
Launatengd gjöld	98,057,821	97,538,921	83,369,413
<b>Samtals</b>	<b>509,220,938</b>	<b>498,705,411</b>	<b>424,763,638</b>
Fundir, námskeið og risna	1,493,532	1,227,337	893,231
Ferða og dvalarkostnaður innanlands	107,068	148,620	255,540
Ferða og dvalarkostnaður erlendis	282,423	424,672	924,782
Akstur	1,854,066	1,622,825	1,463,426
<b>Samtals</b>	<b>3,737,089</b>	<b>3,423,454</b>	<b>3,536,979</b>
Tímarit, blöð og bækur	980,220	833,779	690,831
Skrifstofuvörur og áhöld	3,963,025	2,387,073	5,379,808
Aðrar vörur	14,902,382	13,333,032	12,845,747
<b>Samtals</b>	<b>19,845,627</b>	<b>16,553,884</b>	<b>18,916,386</b>
Önnur sérfræðiþjónusta	12,278,524	4,669,757	2,896,477
Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta	1,962,920	1,886,819	1,854,311
Prentun, póstur, augl., flutningar	2,563,529	1,858,976	1,857,209
Sími og ýmis leigugjöld	3,597,505	3,162,649	2,971,178
<b>Samtals</b>	<b>20,402,478</b>	<b>11,578,201</b>	<b>9,579,175</b>
Verkkaup og byggingavörur	2,251,511	555,751	1,802,462
Rafmagn og heitt vatn	8,308,488	9,151,976	7,809,505
Húsaleiga og aðk. ræsting	83,105,071	77,676,564	75,888,581
<b>Samtals</b>	<b>93,665,070</b>	<b>87,384,291</b>	<b>85,500,548</b>
Verkstæði og varahlutir	404,547	228,506	371,810
<b>Samtals</b>	<b>404,547</b>	<b>228,506</b>	<b>371,810</b>
Vextir, bætur, skattar	297,591	389,306	195,773
Eignakaup	16,376,225	2,110,377	5,009,231
Tilfærslur	0	23,500	0
<b>Samtals</b>	<b>16,673,816</b>	<b>2,523,183</b>	<b>5,205,004</b>
<b>Heildarkostnaður</b>	<b>663,949,565</b>	<b>620,396,930</b>	<b>547,873,540</b>
Sértekjur	-48,910,130	-36,933,119	-40,461,640
Aðrar rekstrartekjur	-6,000,000	-6,623,750	-6,232,500
Framlag ríkissjóðs	-639,852,671	-602,969,597	-496,933,193
<b>Heildartekjur</b>	<b>-694,762,801</b>	<b>-646,526,466</b>	<b>-543,627,333</b>
<b>Mismunur á útgjöldum og tekjum:</b>	<b>-30,813,236</b>	<b>-26,129,536</b>	<b>4,246,207</b>



FJÖLBRAUTASKÓLI  
VESTURLANDS

## Fylgiskjal 2 með ársskýrslu Fjölbrautaskóla Vesturlands 2016:

### Annáll vorannar 2016

Kennsla á vorönn 2016 hófst þriðjudaginn 5. janúar. Kennslu lauk miðvikudaginn 4. maí og síðustu próf voru haldin 19. maí. Önninni lýkur svo þegar skólameistari slítur þessari samkomu og þeir 37 nemendur sem nú útskrifast hafa fengið skírteini sín afhent.

Í febrúar voru nemendur Fjölbrautaskólans 517 sem er svipað og á vorönn 2014 en nokkur fjölgun frá vorönn 2016 .

Eldri nemendur, fæddir 1990 og fyrr, eru um 24% nemenda skólans sem er fjölgun frá síðustu vorönn. Stærsti hluti fullorðinna nemenda er í svokölluðu dreifnámi. Dreifnámsnemendur eru í fjarnámi en mæta í skólann nokkrum sinnum á önninni, gjarnan á kvöldin og um helgar. Þannig getur fólk sótt skóla en jafnframt stundað vinnu. Dreifnámið hefur einnig gert fólki sem býr utan Akraness mögulegt að ljúka námi þó það sé komið yfir hefðbundinn skólaaldur og sé í fullri vinnu í sinni heimabyggð. Þessir nemendur stunda nám í vélvirkjun, húsasmíði, húsgagnasmíði, sjúkraliðanámi og meistaranámi.

Fjöldi nemenda 16 til 20 ára er svipaður og verið hefur. Á þessari önn eru karlar 61% nemenda skólans en konur 39%. Það eru aðeins fleiri konur en karlar á stúdentsbrautum en karlar eru í miklum meirihluta í iðnnáminu og meistaranámi en konur í sjúkraliðanámi.

Nú í lok vorannar láta þrír kennarar af störfum en það er þau Halla Ingibjörg Guðmundsdóttir, Linda Dröfn Jóhannesdóttir og Haraldur Gylfason. Eru þessum starfsmönnum færðar þakkir fyrir störf þeirra við skólann. Gunnar Magnússon kennari kemur úr leyfi á næstu önn og þau Steinunn Eva Þórðardóttir, Eiríkur Guðmundsson og Helena Valtýsdóttir verða í námsleyfi á næsta skólaári. Dröfn Viðarsdóttir tók við starfi aðstoðarskólameistara í upphafi þessarar annar og Jónína Halla Víglundsdóttir tók við starfi áfangastjóra.

Það var mikið um að vera í skólanum á þessari önn. Meðal þess voru Opnir dagar og árshátíð var haldið í mars sem og stærðfræðikeppnin fyrir grunnskóla.

Nemendur tíundu bekkja Brekkubæjarskóla, Grundaskóla og Heiðarskóla heimsóttu okkur í febrúar og fengu leiðsögn um skólann í fylgd nemenda Fjölbrautaskólans. Kynningin tókst vel og er nemendum okkar sem tóku þátt í þessu færðar þakkir fyrir þeirra framlag. Nemendur 10. bekkjar Kleppjárnsreykjaskóla heimsóttu okkur einnig á önninni.

Opið hús var haldið í febrúar þar sem nemendur og forráðamenn gátu komið og kynnt sér skólann. Auk þess fór skólameistari ásamt nemendum í kynningaferðir í grunnskóla á Vesturlandi.

Í febrúar var haldið skólaþing þar sem nemendur ræddu málefni skólans. Öllum nemendum skólans var skipt í nokkra hópa. Þau ræddu málefni að eigin vali og greiddu síðan atkvæðu um hvaða tillögur þau vildu setja á oddinn. Í kjölfar þingsins var haldinn skólafundur á sal skólans með þátttöku allra nemenda og starfsmanna skólans.



FJÖLBRAUTASKÓLI  
VESTURLANDS

Leiklistarklúbburinn setti upp leikritið Fullkomið brúðkaup, flott sýning þar sem mikið var hlegið.

Það var mikið að gera í tónlist hjá nemendum skólans og fenguð við þrisvar sinnum að fagna góðum árangri með þeim hér á sal. Fyrst tóku þau Símon Orri Jóhannsson og Halla Margrét Jónsdóttir þátt í hæfileikakeppninni „Ísland got Talent“ og urðu þar í öðru sæti, þá tóku þau Jóna Alla Axelsdóttir og Ari Jónsson þátt í söngvakeppni framhaldsskólanna fyrir hönd FVA og urðu þau einnig í öðru sæti. Nemendur starfsbrautar tóku þátt í hæfileikakeppni starfsbrauta og sigruðu þá keppni með skemmtilegu söngatriði.

Það var ekki bara í söng sem nemendur fögnuðu góðum árangri heldur einnig í íþróttum þar sem nemendur í FVA fögnuðu sigri í ýmsum íþróttgreinum.

Á þessari önn var hafið átak í að bæta starfsaðstöðu málmiðgreina en það er sú deild innan skólans sem býr við lakastan tækjakost. Haldin var samkeppni um nafn á átakanu, „Málmur er málið“ varð fyrir valinu.

Í byrjun apríl fóru 20 nemendur ásamt 2 kennurum til Slóvakíu en þar tóku þau þátt í verkefni um sjálfbærni og sjálfbæra orku.

14. apríl var haldin Tæknimessa hér í skólanum. Markmið tæknimessunnar var að kynna fyrir grunnskólanemendum hversu miklir möguleikar eru á góðum störfum í iðngreinum. Öllum nemendum í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla á Vesturlandi var boðið að koma hingað í FVA, auk þess sem nemendum hér var boðið að skoða sýninguna. Hér fengu þau kynningu frá um 20 iðnfyrirtækjum auk kynninga á því verknámi sem boðið er upp á hér við skólann. Mikil ánægja var með þessa nýjung og stefnt er að því að endurtaka hana í framtíðinni.

Aðalstjórn nemendafélagsins nú á vorönn var skipuð eftirtöldum nemendum: Sævar Berg Sigurðsson kjörinn formaður og með honum í stjórn voru Einar Björn Þorgrímsson, Finnur Ari Ásgeirsson, Jón Hjörvar Valgarðsson, Linda María Rögnvaldsdóttir og Magðalena Lára Sigurðardóttir.

Á þessari önn voru eftirtaldir nemendur í forsvari fyrir klúbba nemendafélagsins: Elmar Gísli Gíslason og Anna Eze fyrir Viskuklúbb, Sveinn Þór Þorvaldsson fyrir Ljósmyndaklúbb, Aðalsteinn Bjarni Valsson og Sindri Snær Alfreðsson fyrir Tónlistarklúbb, Atli Vikar Ingimundarson og Jón Hjörvar Valgarðsson fyrir Íþróttaklúbb og Brynja Rún Björnsdóttir og Sunneva Lind Ólafsdóttir fyrir Leiklistarklúbb.

Við þökkum nemendum fyrir vel unnin störf að félagsmálum.

**Ný stjórn nemendafélagsins fyrir næsta skólaár var kosin í apríl.** Formaður fyrir næsta skólaár var kjörinn Jón Hjörvar Valgarðsson. Með honum í stjórn verða Einar Björn Þorgrímsson, Bjarki Aron Sigurðsson, Hrafnhildur Arin Sigfúsdóttir, Brynja Rún Björnsdóttir og Ólafur Valur Sigurðsson. Fulltrúi nýnema í stjórn NFFA verður síðan kosinn í ágúst.

Á þessari önn fengum við samþykki Menntamálastofnunar fyrir nýju þriggja ára stúdentsbrautunum. Vinna við gerð nýrra námskráa í iðnnámi er í vinnslu og er m.a. búið að



FJÖLBRAUTASKÓLI  
VESTURLANDS

sækja um að tilraunakenna nýja námsbraut húsasmíði á næsta skólaári. Sú braut var unnin í samvinnu við Fjölbrautaskólann í Breiðholti.

Á þessari önn var stofnað gæðaráð sem hefur það hlutverk að endurskoða innra mat skólans og búa til gæðahandbók. Þetta hefur gengið vel og verður framhaldið í haust.

Ein af þeim nýjungum sem teknar voru upp á síðasta skólaári er afreksíþróttasvið. Það er unnið í samstarfi við Akraneskaupstað og Íþróttabandalag Akraness. Þar gefst afreksíþróttanemendum kostur á að stunda íþróttir að hluta til á skólatíma. Verkefnið er búið að ganga mjög vel og verður því haldið áfram í haust.

Stefnt er að auknu samstarfi milli okkar og tónlistarskólans. Nemendum gefst nú kostur á að stunda nám í tónlist sem hluta af námi á tónlistarsviði opinnar stúdentsbrautar.

Læt ég nú lokið annáli vorannar 2016 og óska ykkur sem útskrifist frá skólanum til hamingju með þann áfanga sem þið hafið nú náð. Þið megið vera stolt af því að hafa lokið námi við Fjölbrautaskóla Vesturlands og við sem hér störfum erum stolt af ykkur og því sem þið vinnið gott í framtíðinni.

Dröfn Viðarsdóttir



FJÖLBRAUTASKÓLI  
VESTURLANDS

## Fylgiskjal 3 með ársskýrslu Fjölbrautaskóla Vesturlands 2016:

### Annáll haustannar 2016

Fjölbrautaskóli Vesturlands var settur miðvikudaginn 17. ágúst. Þá fengu nemendur afhentar stundaskrár. Regluleg kennsla hófst svo fimmtudaginn 18. ágúst. Síðasti kennsludagur á önninni var 6. desember. Önninni lýkur þegar skólameistari slítur þessari samkomu og þeir 51 nemendur sem nú ljúka námi hafa verið brautskráðir frá skólanum.

Í upphafi annar var 563 nemandi skráður í skólann. Þetta er svipaður fjöldi og á síðustu haustönn. Fullorðnir nemendur er stór hluti okkar nemenda, 120 nemendur eða um 21% nemenda við skólann stunda svokallað dreifnám, það er stunda nám utan hefðbundins dagvinnutíma. Þessir nemendur stunda nám á sjúkraliðabraut, í húsasmíði, í vélvirkjun og í meistaraskóla.

Af nemendum skólans eru 58% karlmenn og 42% kvenmenn. Það eru þó fleiri konur en karlar á stúdentsbrautum en karlar eru í meirihluta í iðnnámi og konur í sjúkraliðanámi.

Brottfall var tæplega 4% sem er svipað og á undanförunum öllum. Þótt okkur þyki þetta of mikið er þetta frekar lítið samanborið við aðra framhaldsskóla.

Eftirfarandi breytingar verða á starfslíði skólans nú um áramót: Hafdís Fjóra Ásgeirsdóttir, Harpa Hreinsdóttir, Tómas Alexander Árnason og Þuríður Björg Þorgrímsdóttir láta af störfum nú um áramót. Eru þessum starfsmönnum færðar þakkir fyrir störf þeirra við skólann.

Íris Björg Jónsdóttir var ráðin skólahjúkrunarfræðingur við skólann í byrjun annarinnar. Starf skólahjúkrunarfræðings er samvinnuverkefni skólans og Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.

Í apríl á þessu ári voru kosningar nemendafélagsins. Jón Hjörvar Valgarðsson var þá kosinn formaður nemendafélagsins. Með honum í stjórn eru Einar Björn Þorgrímsson, Bjarki Aron Sigurðsson, Hrafnhildur Arin Sigfúsdóttir, Brynja Rún Björnsdóttir og Ólafur Valur Sigurðsson. Í ágúst var Guðjón Snær Magnússon kosinn í stjórnina fyrir hönd nýnema.

Á þessari önn voru eftirtaldir nemendur í forsvari fyrir klúbba nemendafélagsins: Elmar Gísli Gíslason og Anna Eze fyrir Viskuklúbb, Sveinn Þór Þorvaldsson fyrir Ljósmyndaklúbb, Hjördís Tinna Pálmadóttir fyrir Tónlistarklúbb, Atli Vikar Ingimundarson fyrir Íþróttaklúbb, Brynja Rún Björnsdóttir, Aldís Eir Valgeirsdóttir og Aldís Ísabella Fannarsdóttir fyrir Leiklistarklúbb og Una Lára Lárusdóttir og Sandra Ósk Alfreðsdóttir fyrir góðgerðarfélagið Eynir.

Við þökkum nemendum fyrir vel unnin störf að félagsmálum.

Það má segja að skólastarf haustannar hafi verið með hefðbundnum hætti. Við byrjuðum á hefðbundnum nýnemadegi, ferð í Fannahlíð og Langasandssprelli.

Í lok september komu fulltrúar samtaka rafverktaka og Rafiðnarsambands Íslands fyrir hönd allra atvinnurekenda og launþega í rafiðnaði í heimsókn og færðu öllum nemendum í





FJÖLBRAUTASKÓLI  
VESTURLANDS

rafiðngreinum spjaldtölvu að gjöf. Tilgangur gjafarinnar er að tryggja að nemendur geti nýtt sér það mikla úrval af kennslufni sem er þegar í boði á rafrænu formi.

Í október tókum við þátt í verkefninu "Ég kys" þar sem nemendur fengu frambjóðendur allra flokka, sem buðu fram til Alþingis, í heimsókn þar sem þeir kynntu stefnuskrá sinna flokka. Einnig fóru fram skuggakosningar meðal nemenda skólans.

Á haustönninni var haldin ritgerðasamkeppni í ensku, sem er fjölþjóðlegt samstarfsverkefni Oddfellowreglunnar og Sameinuðu þjóðanna. Enskukennarar við skólann völdu 10 bestu ritgerðirnar. Það var síðan dómnefnd sem valdi ritgerðir þeirra Aðalbjargar Egilsdóttur og Bergsveins Loga Ríkharðssonar úr þeim hóp. Hljóta þau í verðlaun 11 daga ferð til Bandaríkjanna og Kanada þar sem hápunkturinn er heimsókn til Sameinuðu þjóðanna.

Við fengum ýmsa góða gesti í heimsókn. Félagar úr Slysavarnarfélaginu Landsbjörg komu og gáfu nemendum endurskinsmerki. Ástráður, félag læknanema um forvarnir, kom með fræðslu til nemenda. Í nóvember kom Ragna Pétursdóttir hjúkrunarfræðingur á fíknigeðdeild Landspítalans í heimsókn og hélt fyrirlestur um ungt fólk og vímuefnaneyslu. Við sama tækifæri fékk skólinn að gjöf áfengismæli frá minningarsjóði Lovísu Hrundar. Hugrún, félag háskólanema í læknisfræði, hjúkrunarfræði og sálfræði við Háskóla Íslands, kom með fyrirlestur um geðheilbrigði.

West Side var haldið en þar hittast nemendur úr framhaldsskólunum á Vesturlandi. West Side byrjaði á íþróttamóti síðan tók við spurningakeppni og dansleikur um kvöldið.

Við tókum þátt í stærðfræðikeppni framhaldsskólanema. Heilsueflingahópur skólans stóð fyrir Tarsanleik, útihlaupi og fleiru fyrir nemendur og starfsmenn skólans.

Á haustönn 2016 var í þriðja sinn boðið upp á áfangann Evrópa menning og mannlíf. Í þeim áfanga fara nemendur í námsferð til Berlínar ásamt kennara sínum Kristínu Kötterheinrich.

Á haustönn 2015 hófum við samstarf við Íþróttabandalag Akraness og Akraneskaupstað um íþróttafrekssvið fyrir nemendur sem hafa stundað afrekisíþróttir í töluverðan tíma og vilja aukið svigrúm til að stund íþrótt sína samhliða námi. Þetta samstarf hefur gengið vel og voru á þessari önn 52 nemendur á sviðinu.

Ýmislegt fleira gerðist á önninni; haldnir voru dansleikir, kaffihúsakvöld, bingó og fleiri samkomur nemenda. Skammhlaup fór fram í nóvember en það er keppni þar sem öllum nemendum skólans er skipt í 8 lið sem keppa innbyrðis. Það voru að venju útskriftarnemar sem voru liðsstjórar og stjórnðu þau sínu fólki af röggsemi. Síðasta dag nóvembermánaðar var jólaþema þar sem nemendur og kennarar mættu í jólaþeysum, með jólasveinahúfur eða annað sem minnti á jólin.

Viðsnúningur hefur orðið í rekstri stofnunarinnar. Á síðasta ári greiddi stofnunin upp stóran hluta skuldar sinnar við Ríkissjóð, auk þess sem að höfuðstóllinn fór frá því að vera neikvæður yfir í að vera jákvæður.





FJÖLBRAUTASKÓLI  
VESTURLANDS

Þessi viðsnúningur er afrakstur mikilla aðhaldsaðgerða síðustu ára, sem ekki hafa gengið þrautalaust fyrir sig. En afraksturinn er að FVA hefur hafið kaup og endurnýjun á tækjabúnaði. Við höfum verið að fjárfesta í nýjum tölvum og netbúnaði, nýjum stólum, borðum og skjávörpum inn í kennslustofur, endurnýja handverkfæri og kennslubúnað í verknámi, auk þess sem við höfum hafið átak í málmiðngreinum. Við erum byrjuð að kaupa inn tæki í málmiðngreinadeild og stefnum á að að þremur árum liðnum, þá muni sú deild vera fullbúin nútíma kennslubúnaði sem mæta ætti þörfum kennslunnar og því sem atvinnulífið kallar eftir.

Ég óska ykkur sem útskrifast frá skólanum til hamingju með þann áfanga sem þið hafið náð. Þið megið vera stolt af að hafa lokið námi við Fjölbrautaskóla Vesturlands og við sem hér störfum erum stolt af ykkur.

Dröfn Viðarsdóttir



FJÖLBRAUTASKÓLI  
VESTURLANDS

## Fylgiskjal 4 með ársskýrslu Fjölbrautaskóla Vesturlands 2016: Upplýsingar um skólann þ.e. „prófíll“

**Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna:** Fjölbrautaskóli Vesturlands er með um 551 nemendur og 63 starfsmenn í alls um 55 stöðugildum. Skólinn starfar í um 7.330 m<sup>2</sup> húsnæði auk rúmlega 1.250 m<sup>2</sup> heimavistar. Áætlaðir ársnemendur samkvæmt fjárlögum fyrir 2016 eru 493. Á árinu 2016 skilaði skólinn 476 ársnemendum.

**Námsframboð:** Um miðjan október 2016 voru 551 nemendur í skólanum og voru nokkuð fleiri en voru í skólanum haustönn 2015. Þeir skiptust á brautir sem hér segir:

Almenn braut - undirbúningsnám	AU	1 = 0%
<u>Brautabré</u>	BB	27 = 5%
<b>Almennt nám alls</b>		<b>28 = 5%</b>
Félagsfræðabraut	FÉ	46 = 8%
Félagsfræðabraut (3. ára braut)	FÉL	64 = 12%
Málabraut	MB	8 = 2%
Náttúrufræðibraut	NÁ	32 = 6%
Náttúrufræðibraut (3. ára braut)	NÁT	78 = 14%
Opin stúdentsbraut (3. ára braut)	OS	54 = 10%
<u>Viðbótarnám til stúdentsprófs</u>	VSS	9 = 1%
<b>Stúdentsnám alls</b>		<b>291 = 52%</b>
Grunnnám rafiðna	GR	29 = 5%
Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina	GBM	16 = 3%
Námsbraut í rafvirkjun	RK8	17 = 3%
Námsbraut í rafvirkjun	RK9	2 = 0%
Námsbraut í húsasmíði	HÚ8	17 = 3%
Grunnnám málmiðna	MG	52 = 10%
<u>Námsbraut vélavirkjun</u>	VS8	10 = 2%
<b>Iðnnám alls</b>		<b>143 = 25%</b>
<u>Starfsbraut</u>	ST4	22 = 4%
<b>Starfsbraut alls</b>		<b>22 = 4%</b>
Sjúkraliðabraut	SJ	34 = 6%
Meistaraskóli	MAH	28 = 5%



FJÖLBRAUTASKÓLI  
VESTURLANDS

**Framkvæmd markmiða:** Unnið var eftir skólasamningi undirrituðum í apríl 2015. Skólinn var samstarfsaðili að Stóriðjuskóla Norðurlás og í upphafi hvefarr annar lá fyrir námsframboð og kennslufyrirkomulag eins og stefnt var að. Skólinn var og er þátttakandi í samráðsvettvangi og verkefnastjórn vegna *Tilraunaverkefnis um hækkað menntunarstig í Norðvesturkjördæmi*.

**Umbótaþættir eftir sjálfsmat:** Við skólann fer fram heildstætt innra mat á öllum helstu þáttum skólastarfsins. Niðurstöður matsins birtast á vef skólans jafnóðum og þær liggja fyrir. Heildarskýrslu um innra mat á starfi skólans var síðast skilað til ráðuneytis í júní 2015. Heildarskýrsla fyrir 2016 verður birt á heimasíðu skólans fyrir annarlok.

**Úttektir:** Engar úttektir voru gerðar á starfsemi skólans á árinu 2016.

**Afkoma, rekstrarstaða:** Rekstur skólans gekk mjög vel á árinu 2016. Hagnaður skólans nam 30,8 millj. kr. samanbórið við 26,1 millj. kr. hagnað árinu áður. Greiðslustaða við Ríkissjóð batnaði á árinu og fór frá því að vera skuld upp á 19,2 millj. kr. fyrir árið 2015 yfir í að vera jákvæð (inneign) upp á 9,3 millj. kr. við ársuppgjör 2016.

**Brottfall:** Brottfall á vorönn 2016 var 2,7% og 2,5% á haustönn 2016.

**Stjórnun:** Að yfirstjórn skólans koma, auk skólameistara, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri og fjármálastjóri.

**Samvinna við aðra:** Skólinn hefur samstarf og samráð við Fjölbrautaskóla Suðurlands, Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi. Hann tekur þátt í að starfrækja Stóriðjuskóla í samvinnu við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi og Norðurlál ehf. Skólinn hefur líka samvinnu og samráð við grunnskóla á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit og býður upp á kennslu í verklegum greinum fyrir nemendur í efstu bekkjum grunnskóla.

**Sérstakar áherslur/sérsvið skólans:** Skólinn leggur áherslu á að koma til móts við þarfir allra íbúa svæðisins fyrir menntun á framhaldsskólastigi með því að bjóða fjölbreytt nám á mörgum brautum sem hæfir nemendum með misjafna getu, margvísleg áhugamál og ólíkar þarfir.